



Sveitarstjórnarfundur 9. júní 2024

Sunnudaginn 9. júní 2024 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 22. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir og Arnlín Óladóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Dagskrá 22. fundar:

1. Ársreikningur 2023 – Seinni umræða
2. Fundargerð 21. sveitarstjórnarfundar 26.05.2024
3. Fundargerðir nefnda
4. Aðrir fundir
5. Framkvæmdir 2024
6. Starfsmannaráðningar sveitarfélagsins
7. Samstarfsnet um farsæld barna
8. Erindi frá Innviðaráðuneytinu
9. Aðalfundarboð Útgerðarfélagssins Skúla ehf.
10. Styrktarbeiðni fyrir útsýnisskilti
11. Erindi Around Iceland
12. Beiðni Óspakseyrargátunnar
13. Styrktarbeiðni Íþróttasambands fatlaðra

Fundargerð:

1. Ársreikningur 2023 – Seinni umræða

Ársreikningur Kaldrananeshrepps fyrir árið 2023 er hér lagður fram til síðari umræðu með breytingum.

Ársreikningurinn samanstendur af upplýsingum um A-hluta sveitarsjóðs og A- og B-hluta samantekinn. Í A-hluta er aðalsjóður og eignasjóður. Í B-hluta eru hafnarsjóður, vatnsveita og hitaveita.

Rekstrartekjur A- og B-hluta Kaldrananeshrepps námu á árinu 223,5 millj. kr., þar af voru rekstrartekjur A-hluta 201,8 millj. kr.

Rekstrargjöld A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði námu 204,5 millj. kr., þar af voru rekstrargjöld A-hluta 185,5 millj. kr.

Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta á árinu 2023 er jákvæð um 11,9 millj. kr. og rekstrarniðurstaða A-hluta er jákvæð um 22,6 millj. kr.

Eignir A- og B-hluta Kaldrananeshrepps voru í árslok 2023 samtals 374,1 millj. kr. Þar af voru eignir A-hluta 419,3 millj. kr.

Skuldir og skuldbindingar A- og B-hluta voru á sama tíma 33,7 millj. kr. og voru skuldir skuldbindingar A-hluta 44,8 millj. kr.

Eigið fé A- og B-hluta nam 340,4 millj. kr. í árslok og var eigið fé A-hluta 374,4 millj. kr.

Eiginfjárlutfall A- og B hluta nam 91%, og eiginfjárlutfall A-hluta nam 89,3%.

Ársreikningur Kaldrananeshrepps fyrir árið 2023 borinn upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykktur með fimm atkvæðum, enginn á móti.

Borið upp og samþykkt.

2. Fundargerð 22. sveitarstjórnarfundar 26.05.2024.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

3. Fundargerðir nefnda

a. Fundargerð fræðslunefndar, 13.05.2024.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

Borið upp og samþykkt.

b. Fundargerð fræðslunefndar, 22.05.2024.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

Borið upp og samþykkt.

c. Fundargerð kjörstjórnar, 01.06.2024.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

Borið upp og samþykkt.

4. Aðrar fundargerðir

a. Fundargerð velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps, 05.06.2024.

Fyrir liggja drög að nýjum reglum um stuðningsþjónustu en þær reglur koma í staðinn fyrir reglur um heimaþjónustu og liðveislu 18 ára og eldri.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Drög að nýjum reglum lögð fyrir.

Borið upp og samþykkt.

5. Framkvæmdir 2024

Sveitarstjórn ræðir þær framkvæmdir sem huga þarf að á árinu 2024.

Þær framkvæmdir sem ræddar voru:

- Hitaveita norðan við Drangsnæs
- Viðhald Grunnskólans á Drangsnesi
- Viðhald Sundlaugarinnar á Drangsnesi
- Viðhald fasteigna í eigu hreppsins
- Malbikun á Drangsnesi

Borið upp og samþykkt.

6. Starfsmannaráðningar sveitarfélagsins

Auglýst var eftir verkstjóra til að vera með unglíngavinnuna sumarið 2024 þann 27. mars síðastliðinn á vefsíðu hreppsins og samfélagsmiðlinum Facebook.

Helstu verkefni eru skilgreind sem:

- Ber daglega ábyrgð og yfirumsjón á skipulagningu og starfsemi vinnuskólans.
- Vinnur markvisst að því að efla liðsheild og góða líðan starfsfólks.
- Vinnur markvisst að því að efla liðsheild og góða líðan starfsfólks.
- Hefur frumkvæði að lausn verkefna á því sviði sem undir hann heyra og hann starfar að.
- Staðfestir vinnutíma starfsmanna og skilar til launafulltrúa.
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við yfirmann.

Tvær umsóknir bárust vegna umrædds starfs.

Sveitarstjórn ákveður að samþykkja aðra umsóknina.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

7. Samstarfsnet um farsæld barna

Á vegum Menntamálaráðuneytis hefur starfshópur um sameiginlegar starfsstöðvar/samhæfða svæðaskipan vegna farsældar barna sett fram tillögur sem miða að því að efla samtal um bætt og aukið samstarf í landshlutum, miðlun reynslu og góðra starfshátta í því skyni að þetta net og þjónusta í kringum börn og fá alla að borðinu sem koma að lífsferli barna með einum eða öðrum hætti.

Í niðurstöðum starfshópsins kemur fram að ráðuneytið muni gera viðaukasamninga við Sóknaráætlanir landshluta til tveggja ára vegna fjármögnunar innleiðingar svæðisbundinna farsældarráða. Forsendur samnings er að samþykki allra sveitarfélaga í landshlutanum liggja fyrir og umboð landshlutasamtaka til verkefnisins sé skýrt.

Óskar því Vestfjarðastofa og Fjórðungsþing Vestfjarða eftir samþykki Kaldrananeshrepps til að gera ofangreindan samning við Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Erindi langt fram til kynningar.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

8. Erindi frá Innviðaráðuneytinu

Erindi barst frá Innviðaráðuneytinu er varðar umsögn ráðuneytisins um álit sveitarstjórnar. Óskar ráðuneytið eftir því að Kaldrananeshreppur upplýsi sig um stöðu mála.

Erindi lagt fram til kynningar.
Skrifstofustjóra falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

9. Aðalfundarboð Útgerðarfélagssins Skúla ehf.

Fyrir liggur fundarboð á aðalfund Útgerðarfélagssins Skúla ehf. sem haldinn verður þriðjudaginn 25. júní nk. klukkan 17.00.

Fundarboð lagt fram.
Skrifstofustjóra falið að senda fulltrúa hreppsins í Útgerðarfélaginu Skúla ehf. fundarboð.
Borið upp og samþykkt.

10. Styrktarbeiðni fyrir útsýnisskilti

Beiðni barst um styrk vegna uppsetningar útsýnisskiltis á Ennishálsi. Skiltið verður sett upp þar sem útsýni er best til allra átta norður yfir Strandir, yfir til Skagafjalla og allt suður á Eiríksjökul.

Beiðni lögð fyrir.
Sveitarstjórn tekur vel í erindið og veitir styrk að upphæð 50.000kr.-
Borið upp og samþykkt.

11. Erindi Around Iceland

Erindi barst frá Around Iceland sem er ein víðamesta leiðsögubókin um Ísland. Spurt er fyrir um hvort Kaldrananeshreppur vilji kaupa auglýsingu þar sem fjallað yrði um Drangsnæs.

Erindi langt fyrir.
Sveitarstjórn ákveður að verða ekki við beiðninni.
Borið upp og samþykkt.

12. Beiðni Óspakseyrargátunnar

Beiðni barst til sveitarstjórnar þar sem boðið er til kaups á Óspakseyrargátunni en sögu svið hennar er á Ströndum og við Breiðafjörð. Bókin kostar 5.000kr.-

Beiðni lögð fram til kynningar.
Sveitarstjórn ákveður að verða ekki við beiðninni en höfum þó í huga sem tækifærisgjöf í framtíðinni.
Borið upp og samþykkt.

13. Styrktarbeiðni Íþróttasambands fatlaðra

Styrktarbeiðni barst frá Íþróttasambandi fatlaðra um styrk fyrir kveðju í blaðið Hvati. Í blaðinu er fjallað um allt það sem er efst á baugi í íþróttum fatlaðra hverju sinni.

Styrktarbeiðni lögð fram til kynningar.
Sveitarstjórn ákveður að verða ekki við beiðninni.
Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið klukkan 22:16